

Fimmtudaginn 30. nóvember 1989.

Nr. 102/1988. **Kristján Kristjánsson**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

dómsmálaráðherra og

fjármálaráðherra

f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Skaðabætur. Líkamstjón. Skaðabótaskylda hins opinbera.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða sér 13.000,000,00 króna ásamt 11% ársvöxtum frá 9. apríl 1987 til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 10. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júlí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 6% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september

s.á., 8% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður. Til vara krefjast þeir þess, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður fyrir báðum dómstigum þá látinn niður falla.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt nýjan útreikning Guðjóns Hansens tryggingafræðings frá 20. október 1989 á örorkutjóni áfrýjanda.

Atvik málsins eru rakin í héraðsdómi. Slys það, er áfrýjandi varð fyrir, varð í leik, er hlé varð á vinnu fanga í steypuskála vinnuhælisins. Leikurinn var ekki í tengslum við þau störf, sem föngunum höfðu verið falin. Ekki verður talið, að kaðall sá eða annar búnaður, sem hér kom við sögu, hafi haft í sér fölgna sérstaka hættu við störf fanganna. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að slysið sé vávæn afleiðing þess, að fangavörður skrapp frá, enda fangaverðir nærri og ekki varð séð fyrir, að fangarnir gætu farið sér að voða.

Ekki verður talið, að rikissjóður beri hlutlæga ábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Samkvæmt 45. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 100/1951, skulu fangar tryggðir fyrir slysaþættu við vinnu, eftir því sem lög um slysatryggingar mæla og með þeim breytingum, sem nánar skal ákveða með reglugerð. Skilja ber ákvæðið svo, að um þetta fari nú að IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með á orðnum breytingum. Áfrýjandi hefur notið og mun framvegis njóta bóta samkvæmt reglum laga um almannatryggingar.

Samkvæmt ofanrituðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar sl., var þingfest 9. apríl 1987. Stefnandi er Kristján Kristjánsson, nnr. 5869-4444, Hæðargarði 18, Reykjavík.

Stefnt er dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða in solidum 13.000.000,00 krónur með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá 9. apríl 1987 til 14. apríl s.á., en með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum skv. 15. gr., sbr. 1. mgr. 10. gr., laga nr. 25/1987 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu eru þær kröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til vara er krafist verulegrar lækkunar stefnukrafna og að málskostnaður verði í því tilviki felldur niður.

Málavextir.

Mánudag 18. apríl 1977 var stefnandi að störfum í steypuskála vinnuhælisins að Litla-Hrauni, en hann var þar refsifangi.

Var stefnandi að steypa hellur ásamt föngunum Albert Ragnarssyni og Valgeiri Magnússyni.

Um kl. 14.00 varð hlé á vinnu þeirra. Klifraði þá fanginn Albert Ragnarsson upp á bita, sem lá þvert yfir steypuskálann, og kveðst hafa sveiflað sér upp á hann í kaðli, sem hafi hangið niður úr bitanum. Stefnandi ætlaði síðan á eftir honum upp á bitann. Hékk hann með fætur um bitann og hélt í kaðalinn með höndunum. Skyndilega losnaði festan í kaðlinum, svo að stefnandi datt niður á steinsteypt gólf steypuskálans og hálsbrotnaði um VI. hálslið og mæna hans skaddaðist svo, að stefnandi er algerlega lamaður í ganglimum og verulegrar lömunar gætir í handleggjum og höndum. Þá er veruleg skerðing á skyni í líkama stefnanda fyrir neðan háls og að hluta til í handleggjum og höndum, og er örorka hans metin 100%.

Hergeir Kristgeirsson, þá rannsóknarlögreglumaður, fór á vettvang eftir slysið og tók ljósmyndir á vettvangi. Í skýrslu hans, sem gerð var sama dag og slysið varð, segir svo, að Albert Ragnarsson fangi hafi sagt, að stefnandi hefði lyft sér upp á bitann í kaðli, sem hékk úr honum, en bitinn er um þrjá metra frá gólfi, og hafi hann að líkindum verið kominn með fæturna upp á bitann og muni hafa ætlað að breyta stöðu sinni og tekið til þess í kaðalinn, sem þá muni hafa losnað af bitanum, og féll stefnandi þá á höfuðið niður á steingólfið.

Þá var tekin skýrsla af Birni Einarssyni fanga, og sagði hann þar, að

Albert Ragnarsson hefði klifrað upp í sperrur í lofti steypuskálans. Albert hefði verið uppi á bitanum, þegar Kristján Kristjánsson fór á eftir honum upp. Þeir hefðu farið þannig að því að fara upp, að þeir tóku í kaðal, sem lá upp í járnbitann. Sagði Björn, að kaðallinn hefði verið tvöfaldur með stóran hnút á öðrum enda. Hann sagði, að kaðallinn hefði verið þarna á bitanum í langan tíma og verið notaður til þess að festa í hann það, sem lyfta þurfti upp, og hefði hann þá verið tvöfaldur yfir bitann og endar snúið niður. Síðan taldi hann, að kaðallinn hefði dregist til og hnúturinn þá fest uppi, en ekki verið tekið eftir því, að þarna hefði verið um svikula festingu að ræða.

Þegar Kristján var búinn að handsala sig upp kaðalinn, segir vitnið, að hann hafi ætlað að sveifla fótunum upp á bitann. Hafi hann verið kominn með fæturna upp fyrir bitann, þegar festing kaðalsins hafi losnað, en ekki verið búinn að ná taki með fótunum. Féll Kristján í gólfið og kom niður á hnakka og herðar.

Vitnið Valgeir Magnússon fangi skýrði frá málsatvikum á sama hátt og Björn Einarsson hér að framan með því fráviki, að ef til vill hafi verið bragð á kaðlinum um hnútinu uppi á bitanum, en það hafi losnað af einhverjum ástæðum. Honum var kynnt skýrsla Björns Einarssonar, og samþykkti hann hana.

Skýrslur þeirra voru teknar sama dag og slysið varð.

Föstudag 22. apríl var eftirfarandi skýrsla skráð eftir stefnanda, sem þá lá á skurðlækningadeild Borgarspítalans.

„Mætti segist hafa verið að vinna við að steypa vikurplötur í vinnuskála hælísins að Litla-Hrauni sl. mánudag. Segir hann, að þeir hafi tekið sér smáhvíld frá vinnunni og þá hafi Albert Ragnarsson klifrað upp kaðal, sem hékk í loftbita vinnuskálans, og fór hann upp á bitann. Kveðst hann hafa ætlað á eftir Albert og handstyrkt sig upp kaðalinn og ætlað að sveifla fótunum upp á bitann. Vissi hann þá ekki fyrr til en kaðallinn losnaði, og féll mætti þá niður á steingólf skálans.

Mætta er sýnd ljósmynd nr. 3, og telur hann líklegt, að hnúturinn á kaðlinum hafi skorðast í kverkinni á bitanum og skástífunni til hægri að sjá á myndinni. Mætti segir, að enginn annar hafi komið við kaðalinn. Mætti segir, að kaðallinn hafi verið búinn að vera þarna langan tíma, og hafi hann sjálfur sveiflað sér í honum, án þess að hann losnaði.“

Með bréfi, dags. 14. ágúst 1978, óskaði stefnandi eftir gjafsókn í skaðabótamáli, sem hann kvaðst hyggjast höfða gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna slyssins. Í bréfi þessu lýsti hann málavöxtum þannig: „Málavextir eru í örstuttu máli þeir, að 18. apríl 1977 var ég að vinna ásamt fjórum öðrum föngum í steypuskála vinnuhælísins. Verkstjóri brá sér frá, og vorum við fangarnir einir í skálanum. Einn okkar, Albert Ragnarsson,

klifraði upp kaðal, sem hékk niður úr bita í loftinu, og fór upp á bitann. Ég klifraði upp kaðalinn einnig, en þegar ég var að ná taki á bitanum með fótunum, losnaði með einhverjum hætti kaðallinn, sem ég hélt um, og féll ég á skálagólfið og kom niður á hnakka eða herðar. Hlaut ég þarna slæmt hálsbrot, svo að ég lamaðist og er nú metinn 100% öryrki.“

Beiðni þessari var synjað með bréfi, dags. 25. ágúst 1978.

Stefnandi skýrði svo frá í aðilaskýrslu sinni hér fyrir dómi 28. janúar sl., að Albert Ragnarsson hefði verið kominn upp á bitann á undan stefnanda og reynt að koma í veg fyrir, að stefnandi kæmist upp á bitann. Hefði Albert reynt að stoppa sig af að komast upp, með fótum aðallega.

Stefnandi sagði frá því, að hann hefði verið spurður um það við lögreglurannsókn, hvort einhver hefði komið við kaðalinn, og hann svarað því neitandi. Gaf hann þá skýringu á því, að sér hefði fundist Albert hafa nóg á sinni könnu á þessum tíma. Hann kvað þá félagar hafa verið að leika sér, og hefði það oft komið fyrir, að menn sveifluðu sér í kaðli þessum og klifruðu upp á bitann. Kaðallinn hefði verið þarna í langan tíma.

Vitnið Björn Einarsson, félagsmálafulltrúi Verndar, fæddur 15. maí 1944, kom fyrir dóm 28. janúar sl. Í skýrslu sinni bar vitnið, að stefnandi hefði verið kominn upp á bitann á undan Albert Ragnarssyni, og þegar hann fór upp á bitann, hefði annar fótur hans farið í fætur Kristjáns, og þegar hinn fóturinn kom á bitann, hefði hann rekist í hnútinn og kaðallinn gefið eftir. Þá kvað hann spottann hafa verið í gólfinu eftir slysið. Hann kvaðst hafa orðið þess var, að menn sveifluðu sér í spotta þessum.

Vitnið Valgeir Magnússon sjómaður, f. 1. maí 1947, kom fyrir dóm 28. janúar sl. Hann skýrði frá því, að í bita í loftinu á steypuskálanum hefði hangið kaðall eða lykkja, sem hefði verið búin að vera lengi, alveg síðan þetta var bílaverkstæði. Oft hefði verið þrilað í þessum grindum og þá stökkið upp í kaðalinn. Í umrætt sinn hefði Albert verið uppi og stefnandi ætlað upp. Hefði Albert ætlað að kippa spottanum upp, svo að stefnandi næði honum ekki. Við það hefði komið hnykkur á spottann og lykkjan farið yfir hnútinn. Sýndist vitninu Albert kippa í spottann, en hinn var þá búinn að ná í hann. Minnti vitnið, að Albert hefði kippt í spottann með fótunum.

Vitnið Albert Ragnarsson verslunarmaður, f. 11.9. 1958, kom fyrir dóm 28. janúar sl. Hann skýrði svo frá, að hann hefði klifrað upp á bita, sem var þarna. Tók hann í kaðal, sem hékk þarna niður, og klifraði upp í hann og fór upp á bitann. Ætlaði Kristján að koma á eftir upp á bitann, „og þetta var svona leikur í okkur, og ég ætlaði að varna honum að koma upp á bitann. Þá einhvern veginn gefur kaðallinn sig, og ég veit ekki, fyrr en hann liggur á gólfinu, dettur beint á hvirfilinn niður í gólfið“. Hann taldi sennilegt, að hann hefði komið við kaðalinn með fætinum. Hann kvað

kaðalinn hafa hangið þarna, frá því að hann kom þarna fyrst, og að hann hefði oft verið búinn að sveifla sér og leika sér í honum. Hann sagði fangaverði ekki hafa séð þá hanga eða klifra í kaðlinum og bjóst við, að þeim hefði verið bannað það, ef fangaverðir hefðu vitað af leik þeirra.

Vitnið Jón Sigurðsson aðstoðaryfirfangavörður kom fyrir dóm 28. janúar sl. Hann lýsti svo eftirliti með vinnu fanganna, að tveir verkstjórar og einn fangavörður hefðu verið úti og skipst á um að fara um svæði þau, þar sem fangarnir voru að störfum. Þennan dag voru 29 fangar að störfum, og voru þeir á þremur stöðum við vinnu. Hann mundi eftir því, að þegar bílaverkstæði var þarna, hefði kaðalspotti hangið á bitanum í loftinu, og var hann notaður til að festa upp kraftblökk, sem notuð var til að hífa þunga hluti, vélar eða annað úr bílum. Ekki mundi vitnið til þess að hafa séð kaðalspotta þennan daginn, sem slysið varð.

Vitnið Gunnar Valur Jónsson varðstjóri kom fyrir dóm 28. janúar sl. Vitnið var yfirverkstjóri, er slysið varð. Hafði hann yfirstjórn með vinnu á hælínu, fylgdist með störfum og skrifaði vinnukort, færði vinnutíma fanga, við hvað þeir hefðu starfað.

Eftirliti var þannig háttað, að fylgst var með því, að menn væru komnir til starfa sinna. Síðan var gengið um svæðið og fylgst með, hvort menn væru við verk og hvort menn væru yfirleitt á staðnum, eins og vitnið lýsti því.

Hann kvaðst muna eftir kaðli, sem hékk í bitanum, þegar bílaverkstæðið var þarna. Þennan tiltekna dag varð hann ekki var við neinn kaðal, fyrr en hann kom að þessu slysi, en vitnið hafði komið í steypuskálann fyrr um daginn. Hann kvaðst aldrei hafa orðið þess var, að fangar léku sér í kaðlinum, og taldi fullvíst, að hann hefði stöðvað þann leik, hefði hann vitað af honum.

Er vitnið kom að slysinu, sá hann kaðalspotta lafa úr loftinu. Hann kvað stefnanda hafa sagt við sig, þegar hann talaði við hann og spurði, hvað hefði gerst, að hann hefði tekið í rangan enda á kaðlinum.

Vitnið Klemens Erlingsson, áður fangavörður að Litla-Hrauni, var við gæslu utan húss ásamt Gunnari Vali Jónssyni og Steindóri Gunnarssyni umræddan dag. Hann kvaðst ekki vilja fullyrða, að hann hefði séð kaðal hanga niður úr bitanum sama dag og slysið varð, en hann hefði áður tekið eftir því, að spotti hékk niður úr loftinu. Hann mundi til þess að hafa séð fanga þrila í loftbitanum, en aldrei bannað það sjálfur.

Er vitnið kom á vettvang eftir slysið, sá hann stefnanda liggja á gólfinu, og lafði kaðallinn niður úr þverbitanum. Vitnið fór með stefnanda í lög-reglubifreiðinni, sem flutti stefnanda á sjúkrahús, og sagði, að stefnandi hefði sagst hafa gripið í vitlausan enda eða rangan.

Vitnið Steindór Guðmundsson fangavörður kom fyrir dóm 28. janúar

sl. Hann kvaðst ekki kannast við, að kaðall hefði hangið á bitanum að jafnaði. Hitt hefði komið fyrir, að fangar hengdu kaðal á bitann og léku sér í honum, enda hefðu spottar verið í steypuskálanum, frá því að verkstæðið var þar. Hann kvað engan kaðal hafa hangið þarna að morgni slysdags. Hins vegar hefði hann séð kaðal, sem hékk niður úr sperrunni, er hann kom á vettvang eftir slysið.

Samkvæmt mati Ólafs Jónssonar læknis frá 18. apríl 1978 og endurmati hans frá 25. ágúst 1986 er örorka stefnanda 100% varanleg vegna slyssins.

Örorkutjón stefnanda hefur þrisvar verið reiknað út, nú síðast 5. janúar sl., í öll skiptin af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi.

Niðurstaða hans er sú, að miðað við þingfestingardag máls þessa og að gefnum tilteknum forsendum, sem raktar eru í álitserðum hans, sé verðmæti á þingfestingardegi sem hér segir:

| | <i>„Reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum til þingfd. kr.</i> | <i>Reiknað með einföldum vöxtum til þingfd. kr.</i> |
|---|---|---|
| Verðmæti tapaðra vinnutekna | 11.937.945,00 | 10.611.753,00 |
| Viðbót vegna tapaðra lífeyrissjóðsréttinda | 606.769,00 | 559.016,00 |
| Verðmæti almenns örorkulífeyris | 1.238.691,00 | 1.238.433,00 |
| Verðmæti óskertrar tekjutryggingar | 1.814.727,00 | 1.814.364,00 |

Tapaðar tekjur m.m. á tímabilinu frá slysdegi til þingfestingardags eru hér reiknaðar fram til þingfestingardags með þeim vöxtum, sem notaðir voru við útreikninginn 5/1 1987 tímabilið frá slysdegi til útreikningsdags. Frá þingfestingardegi er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar.“

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi telur, að orsök slyssins megi rekja til skaðaverka samfanga stefnanda, Alberts Ragnarssonar, sem hafi orðið valdur að slysinu með því að spyrna í kaðalinn, svo að hann losnaði og stefnandi féll í gólfið og hálsbrotnaði.

Þá hafi aðbúnaði á vinnustað verið ábótavant, og það, að kaðallinn var á bitanum, illa festur, hafi verið slysaöldra, sem stefndu beri ábyrgð á, þar sem starfsmönnum vinnuhælisins hefði borið að fjarlægja hann. Að

það var ekki gert, verði að meta stefndu til sakar eftir reglum um ábyrgð vinnuveitenda á skaðaverkum starfsmanna sinna.

Þá hafi það verið vangá af hálfu starfsmanna stefndu, að fangarnir voru látnir einir á vinnustað sínum og eftirlitslausir.

Þá heldur stefnandi því fram, að til álita komi hlutlæg óskráð bótaregla þeirra, er reka refsistofnun, og vísar í því efni til skyldu yfirvalda til að tryggja fanga við vinnu sína, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1940, og jafnframt til eftirlitsskyldu, sbr. 26. gr. reglugerðar frá 9. september 1957, um vinnuhælið á Litla-Hrauni. Einnig er vísað til 13. gr. reglugerðar nr. 260/1957, um fangavist.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að sú fullyrðing stefnanda, að Albert Ragnarsson hafi valdið slysinu, sé með öllu ósönnuð, þar sem ekkert hafi komið fram um það við rannsókn slyssins og stefnandi ekki borið það fyrir sig fyrr en mörgum árum eftir slysið. En jafnvel þótt svo kunni að vera, að fanginn Albert Ragnarsson hafi komið við kaðalinn, baki það stefndu enga bótaskyldu, þar sem ekki verði haldið fram, að Albert hafi verið hættulegur samföngum sínum og því þurft sérstakrar gæslu, og öll rök skorti fyrir því, að reglur um húsbóndaábyrgð eigi hér við.

Því er mótmælt, að aðbúnaði á vinnustað hafi verið ábótavant. Vinnuhælið geti ekki talist venjulegur vinnustaður í venjulegri merkingu þess orðs. Aðbúnaður sé allur miðaður við fangavistina og það, sem henni ber að fylgja, en ekki við djarfa leiki fanganna. Eigi reglur um vinnuslys og vinnustaði ekki við hér. Kaðall sá, sem hékk í bitanum í loftinu, hafi verið notaður til þess að hífa upp þunga hluti og ekki til þess ætlast, að fangar væru að leika sér við að sveifla sér í honum, og verði ekki talið, að vávæni hafi komið til greina. Það, að stefnandi var að leika sér í kaðlinum, hafi verið algerlega óviðkomandi vinnu hans í steypuskálanum.

Forsendur og niðurstaða.

Óljóst er, með hvaða hætti slys stefnanda varð, þ.e., með hvaða hætti kaðall sá, er stefnandi hékk í, losnaði. Nokkrar líkur eru þó að því leiddar, að samfangi stefnanda, Albert Ragnarsson, hafi með því að koma við kaðalinn eða stefnanda sjálfan valdið því, að hann losnaði. Enda þótt svo kunni að vera, verður ekki fallist á það með stefnanda, að stefndu beri ábyrgð á slysi, sem Albert Ragnarsson kann að hafa valdið, hvorki með vísan til reglna um ábyrgð vinnuveitenda á skaðaverkum starfsmanna sinna né heldur verður fallist á, að starfsmönnum vinnuhælisins hafi borið að hafa sérstakar gætur á Albert, frekar en öðrum föngum. Hið gagnstæða kom fram í rekstri málsins, að Albert var þrúður fangi og engin ástæða til að ætla, að hann væri samföngum sínum hættulegur.

Ágreiningur er um, hvort kaðallinn hafi hangið þarna lengur eða skemur,

og ber föngum og fangavörðum ekki saman um það. Við frumrannsókn lögreglu strax eftir slysið kom fram, að vitni töldu kaðalinn hafa verið þarna, frá því að við bílaviðgerðir var unnið í skálanum, og verið notaðan til að festa í talíu, þegar bílvélar voru teknar úr o.fl.

Hins vegar bendir framburður vitnanna Jóns Sigurðssonar, Gunnars V. Jónssonar, Klemens Erlingssonar og einkum framburður vitnisins Steindórs Guðmundssonar til þess, að fangarnir hafi sjálfir komið kaðalspottanum fyrir á bitanum.

Ágreiningur um þetta atriði skiptir ekki máli hér.

Fram kemur í framburði stefnanda og vitnanna Björns Einarssonar, Valgeirs Magnússonar og Alberts Ragnarssonar, að þeir gerðu sér ljóst, að þeim var leikur sá, er þeir stunduðu, ekki heimill, og öllum má vera ljós hættu, sem stafað getur af því, er menn klifra með þeim hætti, sem stefnandi gerði í umrætt skipti.

Leikur stefnanda og félaga hans var ekki í neinum eðlilegum tengslum við störf þau, sem hann var að vinna í skálanum, og fram er komið í málinu, að kaðalspottinn var ekki notaður við framkvæmd starfanna.

Það, að kaðalspotti þessi var þarna, er ekki til þess fallið að baka stefndu bótaskyldu frekar en tilvist annarra hluta á vinnustöðum, sem geta verið hættulegir, ef eðlilegrar varúðar er ekki gætt við meðferð þeirra.

EKKI verður fallist á þá skoðun stefnanda, að fangavörðum og verkstjórum hafi borið að standa yfir öllum föngunum og fylgjast með verkum þeirra umfram það, sem var gert, enda kemur fram í málinu, að fangavörður og verkstjóri voru á næstu grösum, er slysið varð.

Þá verður að lokum að hafna þeirri málsástæðu stefnanda, að til sé hlutlæg, óskráð bótaregla, sem taki til þeirra, sem reka refsistofnun, enda ekkert fram komið, sem sýnir fram á tilvist slíkrar reglu.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna og veikinda dómara.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Kristjáns Kristjánssonar.

Málskostnaður fellur niður.